



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð

Fundur nr.262 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn fimmtudaginn 13.september 2018 kl. 16:00 á skrifstofu Mýrdalshrepps.

Fundin sitja ásamt undirrituðu nefndarfólki og fráfarandi sveitarstjóra, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumusel sem nýverið var ráðinn skipulags og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulagsfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið fyrir utan auglýstrar dagskrár:

Ungmennafélagið Katla – Umsókn um stöðuleyfi

Ungmennafélagið Katla sækir um stöðuleyfi fyrir gám á íþróttasvæði sveitarfélagsins í samræmi við framlagða umsókn. Umsókn um stöðuleyfi hafði áður verið hafnað á 259. fundi nefndarinnar í maí.

Nefndin gerir ekki athugasemd við að málið verði tekið fyrir.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

Guðrún vísar af fundi

1. Holt - Stofnun lóðar

Guðjón Harðarson kt. 301058-5009 sækir um stofnun lóðar úr upprunalandi Holts í Mýrdal.

Um er að ræða 13 ha.lóð sem afmarkast í samræmi við framlagðan uppdrátt.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlagðan uppdrátt og umsókn. Lóðarstofnun samþykkt, skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Guðrún mætir aftur til fundar

2. Austurhús Dyrhólaey – Stofnun lóðar.

Umhverfisstofnun sækir um stofnun lóðar fyrir salernishús að Dyrhólaey. Um er að ræða 900 m² lóð sem afmarkast í samræmi við framlagt lóðarblað.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlagðan uppdrátt og umsókn. Lóðarstofnun samþykkt, skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

3. Vesturhluti Víkurþorps – Verndarsvæði í byggð

Lögð er fram fullgerð tillaga verndarsvæðis í byggð fyrir vesturhluta Víkurþorps með fornleifaskráningu og húsakönnun. Lagt fram til afgreiðslu fyrir auglýsingu.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlögð gögn og mælist til þess að tillagan verði auglýst.

4. Dyrhólaeyjavegur – Framkvæmdaleyfi vegna gatnamóta.

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi fyrir breytingum á gatnamótum Dyrhólaeyjarvegar og Hringvegar, sbr. meðfylgjandi bréfi og uppdrætti.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlögð gögn og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis.

5. Hátún – Breytingar á byggingarskilmálum svæðis

Óðinn Gíslason óskar eftir breyttum byggingarskilmálum vegna Hátúns 7-11. Umækjandi óskar eftir því að aðkoma húsanna verði að vestanverðu og þau fái þá að standa neðar í landinu fyrir vikið. *Óðinn kynnir málið fyrir nefndarfólki.*

Óðinn víkur af fundi við afgreiðslu nefndarinnar.

Nefndin leggur til að farið verði í nánari hönnun á svæðinu í samræmi við framlagða beiðni á kostnað umsækjanda. Nefnin tekur afstöðu til málsins eftir að sú hönnun liggur fyrir.

6. Ungmennafélagið Katla – Umsókn um stöðuleyfi

Ungmennafélagið Katla sækir um stöðuleyfi fyrir gám á íþróttasvæði sveitarfélagsins í samræmi við framlagða umsókn. Umsókn um stöðuleyfi hafði áður verið hafnað á 259.fundi nefndarinnar í maí.

Nefndin fellst ekki á að veita stöðuleyfi fyrir gámunum á þeim stað sem sótt er um. Nefndin telur að gámurinn verði fljótur að skemmast verði hann grafinn inn í jarðvegsmön umhverfis íþróttavöll. Lagt er til að gámurinn verði fluttur á gámasvæði sveitarfélagsins hið fyrsta.

Nefndin leggur til að farið verði í viðhaldsframkvæmdir á vallarhúsi hið fyrsta og um leið verði byggt við húsið og það stækkað til suðurs til að gera fullnægjandi aðstöðu fyrir búnað innan hússins á neðri hæð þess. Nefndin leggur til að gerð verði kostnaðaráætlun fyrir verkefnið og í framhaldi verði gerð framkvæmdaáætlun. Mælt er til þess að tekið verði tillit til þessa við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins.

Drífa Bjarnadóttir

Óðinn Gíslason

Bryndís F. Harðardóttir

Guðrún Hildur Kolbeins

Kristján Þórðarson

Vígfús Þór Hróbjartsson

Ásgeir Magnússon

